

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 18/2025

2025/EES/30/18

frá 7. febrúar 2025

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1701 frá 11. mars 2024 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1234/2008 að því er varðar athugun á breytingum á skilmálum markaðsleyfa fyrir mannalyfjum ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við í lið 15zi (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1234/2008) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 1701:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1701 frá 11. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1701, 17.6.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/1701, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. febrúar 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1701, 17.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1701/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.